

Alþingi
Erindi nr. P 136/1208
komudagur 11. 3. 2009



Reykjavík 10. mars 2009

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík

Málefni: Umsögn um bskj. 96 um frumvarp um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki

Samband íslenskra sparisjóða biðst afsökunar á því að senda þessa umsögn of seint en margt hefur orðið til að taka tíma og athygli frá starfsfólki Sísp undanfarna daga.

Samband íslenskra sparisjóða er samband 14 sparisjóða um land allt. Allar aðstæður, samkeppnisumhverfi og stærð þessara sjóða hefur verið afar ólík síðustu ár og hefur það leitt til þess að þeir hafa verið á mismunandi leið. Þannig er einn sparisjóður orðinn hlutafélag og fleiri höfðu slíka breytingu í undirbúningi. Þeim undirbúningi hefur nú verið hætt í öllum tilvikum og nú eru hverfandi líkur á að nokkur sparisjóður muni hafa uppi áform um að breyta sér í hlutafélag á næstu árum. Það breytir þó ekki þeirri skoðun sambandsins, sem kemur fram í nýlega kynntri framtíðarsýn sparisjóðanna, að sparisjóðakerfið geti rúmað ólík form. Það er í takti við sparisjóðaumhverfi og löggjöf annarra þjóða, s.s. Norðurlandanna. Evrópusamband sparisjóða ESBG hefur barist hatrammlega á móti tilhneigingu í gerð laga og reglna innan Evrópusambandsins í þá átt að skylda öll fjármálafyrirtæki til að vera hlutafélög, með þeim rökum að fjölbreytni og ólík form væri styrkur.

Að þessu sögðu má það vera ljóst að skoðun Sambands íslenskra sparisjóða er að forðast beri að setja skilyrði um eignarform sparisjóða. Hins vegar leggjum við áherslu á gildi og samfélagslega ábyrgð sparisjóða og teljum að vel mætti setja í lög að þeim beri að hafa samfélagslega ábyrgð sem aðalatriði í stefnu og samþykktum.

Til viðbótar við þetta má áréttta mikilvægi þess að ríkisvaldið og sparisjóðirnir vinni saman að því að styrkja sparisjóðakerfið sem grundvallarstoð í endurgerð íslensks bankakerfis. Það er mikilvægara í dag en spurningin um eignarformið.

Virðingarfyllst,
f.h. Sambands íslenskra sparisjóða


Guðjón Guðmundsson, framkvæmdastjóri